

# Unnur Arnórsdóttir

Unnur Arnórsdóttir fæddist í Vestmannaeyjum 18. júní 1918. Hún andaðist á hjúkrunarheimilinu Sól-túni 23. febrúar 2013. Foreldrar hennar voru Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri hjá Fiskifélagi Íslands, og Margrét Jónsdóttir húsmóðir, þau voru búsett í Reykjavík alla tíð. Systur Unnar voru Svava, f. 1919, d. 1989, Gyða, f. 1922, Hulda, f. 1928 og Inga, f. 1931, d. 2009.



grét María, f. 1972, fíðlusmiður og verkfræðingur, maki Guðmundur Pálsson, íslenskufræðingur og fréttamaður. Börn: Diljá Helga, Máni, María og Snorri. b) Inga María, f. 1977, blaðamaður og menningarfræðingur, maki Kristbjörn Helgason, eðlisfræðingur og verkfræðingur. Börn: Júlía Helga, Jakob Leifur og drengur, f. 4. febrúar 2013. 4) Finnur iðjupjálfi, f. 1953, kvæntur Iréne Jensen myndlistarkonu.

Unnur stundaði nám við Landakotsskóla og Gagnfræðaskóla Reykjavíkinga þaðan sem hún lauk gagnfræðaprófi hinu meira árið 1934. Hún stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík frá árinu 1934 og lauk þaðan burtfararprófi árið 1942. Síðar tók hún ýmis námskeið innanlands og erlendis til

Unnur giftist árið 1938 Bárði Ísleifssyni yfirarkitekt hjá Húsameistara ríkisins, f. 1905, d. 2000. Börn þeirra: 1) Arnór, f. 1939, d. sama ár. 2) Margrét, f. 1944, d. 1963. 3) Leifur, yfirlæknir á Landspítala, f. 1948, kvæntur Vilborgu Ingólfsdóttur hjúkrunarfræðingi, skrifstofustjóra í velferðarráðuneytinu. Dætur þeirra eru: a) Mar-

Hún Unnur mín var einstök kona sem umvafði mig kærleika sínum og takmarkalausri umhyggju hvern einasta dag.

Ég var aðeins 19 ára þegar sú gæfa mætti mér að kynna henni og Bárði en þau tóku mér sem barni sínu strax frá fyrsta degi.

Ég kom inn í líf Unnar og Bárðar þegar sorgin og harmurinn yfir missi Margrétar dóttur þeirra hafði grúft yfir þeim um árabíl og næstum lamað lífslönguunina. En Unnur og Bárður tóku ekki aðeins mig í fangid heldur einnig minnu mína og systur og skapaðist með þeim öllum náin og órjúfanleg vinátta.

Að kom inn í fjölskyldu Unnar og Bárðar færði mér líka stóran frændgarð og einstaklega samheldna stórfjölskyldu. Væntumþykja þeirra systra, Unnar, Svövu, Gyðu, Huldu og Ingu, hverrar í garð annarrar var mikil og voru þær í nánum tengslum nær dag hvern. Þessi stórfjölskylda hefur staðið þétt saman og í þessum frændgarði eru margir af mínum allra, allra bestu vinum.

Perlukeða Unnar var þétt og falleg. Börnin hennar fjögur voru þar í innsta hring. Hún fékk þó ekki að njóta Arnórs nema í fáeinar klukkustundir og Margrétar í 19 ár. Hún hefur haldið þétt utan um og verndað perlurnar sínar Leif og Finn af fremsta megni. Iréne kom líka sem geisli í líf hennar. Sonardæturnar Margrét María og Inga María voru henni algjör ljós í lífinu, makar þeirra og börnin Diljá Helga, Máni, Júlía Helga, Jakob Leifur, María, Snorri og óskírður Kristbjarnarson komu sem sólargeislar og miklir gleðigjafar. Þau voru öll í miklu samneyti við ömmu sína og langömmu og hún var stór hluti af þeirra lífi.

Allar stundir með Unni voru sérstaklega gefandi. Hún var skarpgreind, mikill listunandi og einstaklega áhugasöm um lífið og það sem það hafði upp á að bjóða.

Unnur hafði mjög gaman af að umgangast fólk og var fljót að kynna því. Hún hafði mannþendandi áhrif á allt umhverfi sitt og allir komu ríkari af hennar fundi.

Listrænt eðli hennar kom fram í svo mörgu. Hún hafði brennandi áhuga á og þörf fyrir að njóta listviðburða, einkum sígildrar tónlistar, og áratugum saman fór hún á tónleika jafnvel oft í viku. Sjálf veitti hún öðrum ómælda gleði með tónlistarflutningi sínum við ýmis tækifæri.

Listrænt auga hennar endurspegladist einnig í því hvernig hún bjó heimili sitt þar sem flygillinn hennar var alltaf í öndvegi. Gjafmildari einstaklingi en

Unni hef ég ekki kynnst. Það var sama hver átti í hlut, við nánasta fjölskyldan, frændur, vinir, vinir barna hennar, jafnvel bláókunnugt fólk. Allt hennar var annarra ef svo þar undir. Hún opnaði heimili sitt fyrir öllum, þar fékk hver sem var að búa svo lengi sem viðkomandi hafði þörf fyrir. Hún treysti öllum. Unni minni var svo umhugað um mig og allt mitt. Aldrei nokkurn tímann beindi hún styggðaryrði eða gagnrýni að mér. Hún stóð alltaf með mér. Hún fagnaði mér í hvert sinn er við hittumst, sýndi áhuga, hvatti mig og studdi í öllum mínum ákvörðunum og viðfangsefnum.

Nú er hún Unnur mín farin inn í ljósið hjarta og hvílir þar í faðmi Guðs. Ég þakka góðum Guði fyrir að hafa gefið mér Unni Arnórsdóttur.

Vilborg Ingólfsdóttir.

Elskulega Unnur amma mín var ein af mínum allra bestu vinkonum þó tæp sextíu ár skildu okkur að, allt frá því að ég var barn og nú langt fram á fertugsaldur. Sú vinátta verður mér ómetanlegur fjársjóður út lífið. Amma vildi nefnilega alltaf vera vinkona mín. Þegar ég var lítil spilaði hún við mig út í hið óendanlega, kajsón og þúkk, skipulagði lautarferðir í Elliðaárdal, fór með mér á Tommahamborgara og í Kringluna og sagði mér sögur fram á nótt, „strákasögur“ vorum við vanar að kalla þær enda snerust þær oft um hrekjalóma sem bjuggu á Freyjugötunni á fyrri hluta síðustu aldar. Ekki var verra að amma færði oft í stílinn og víðurkenndi það alveg sjálf, fannst sögurnar bara batna við það. „Segðu mér nú eitthvað satt og logið,“ sagði hún oft þegar ég kom í heimsókn. Á seinni árum ræddum við oft ýmis hjartans mál og það var ómetanlegt að fá álit þessarar skörpu konu, sem hafði upplifað svo margt á langri ævi, á málum sem á mér brunnu. Pannig ræddum við stærri ákvarðanir varðandi nám, vinnu, búsetu, barneignir, uppeldi og lífið almennt og amma ræddi það allt af jákvæðni og hreinskilni. Hún vildi vera vinkona mín og setja sig inn í mín mál, allt fram á síðustu stund.

Órlátari kona en Unnur amma er vandfundin, og örlæti þeirra afa Bárðar í minn garð kenndi mér líka að deila með öðrum. „Kauptu karamellur handa þér og vinum þínum,“ sögðu þau stundum og laumuðu seðli í lófann á mér, og fyrir peninginn gerði ég stundum einmitt það sem þau höfðu sjálf svo oft gert:

að auka þekkingu sína á pianókennslu, m.a. kennslu blindra. Unnur kenndi pianóleik við tónlistarskólana í Garðabæ, Hafnarfirði og Keflavík auk þess að taka nemendur í einkakennslu. Hún var tónlistargagnrýnandi fyrir dagblaðið Tímann til fjölda ára. Hún spilaði í fjölmörg ár við helgihald St. Jósefssystura í Klaustrinu í Garðabæ. Unnur mat íslenska hönnun og gott handverk mikils og vann um nokkurra ára skeið í Íslenskum heimilisíðnaði og sá meðal annars um kynningar á íslenskum fatnaði og skartgripum fyrir erlenda ferðamenn, enda bjó hún yfir góðri tungumálakunnáttu. Unnur hafði mikinn áhuga á öllu menningarstarfi en þar bar tónlistina hæst og sótti hún alla listviðburði sem hún hafði tók á. Hún var virk í félagsmálum, tók þátt í starfi Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík í mörg ár, sat í stjórn Félags tónlistarkennara og í stjórn Kvenfélagsins Hringnum og lagði þeirri starfsemi mikið lið en hún var félagsmaður í Hringnum í tæp 50 ár.

Útför Unnar Arnórsdóttur fer fram frá Dómkirkjunni í dag, 7. mars 2013, og hefst að höfnun kl. 15.

Bauð vinum upp á „karamellur“. Örlæti þeirra gerði mér líka fært að eignast og upplifa marga mikilvæga hluti, en mesta örlætið fólst auðvitað í tímanum, ástinni og umhyggjunni sem mér var alltaf sýnd.

Amma var mikil nútímakona allt fram á síðasta dag, en mundi líka tímana tvenna úr gömlu Reykjavík, og ég reyndi eftir megni að upplifa þá með henni og læra af. Pannig fórum við stundum í bíltúr um Pingholtin og skoðuðum húsinn sem hún hafði átt heima í, hún sagði mér hvernig hún kynntist afa á spásæringu um miðbæinn og síðar brúðkaupssöguna sína þegar hún tvi-testu var miðpunkturinn í fjögurra rétta veislu í handsaumuduðum silklíkjóli og Rögvaldur Sigurjóns lék fyrir dansi, og fyrir nokkrum árum skrifaði hún fyrir mig uppskriftir að þeim réttum sem sjaldnar eru á borðum nú; beinlausir fuglar og blómkaulsþau gerð úr heimagerðu soði, hálfmánar og randalín. Allt er þetta mér svo djúrmætt að þekkja –saga hennar er líka sagan mín.

Eftir Unni ömmu liggja margar bækur og blokkir með kveðskap, hugleiðingum og ýmsu ritmáli. Í einni þeirra stendur: „Það er ekki sorg heldur söknuður þegar „stelpa“ á tíræðisaldri kveður.“ Ég lét ömmu með þessum orðum enn og aftur veita mér innsýn í eitt af mínum hjartans málum, og hughreysta mig þegar ég kveð hana sjálfa með þakklæti fyrir öll góðu árin okkar saman. Ég mun sakna hennar en verð ekki sorgmædd. Guð blessi minningu hennar.

Inga María Leifsdóttir.

Með söknuði skrifa ég minningarorð um gömlu vinkonuna mína, Unni Arnórsdóttur. Hún náði háum aldri, varð eldri en við mannfólkið getum reiknað með að verða, hún hafði lífað sem ekkja í mörg löng ár eftir að Bárður hennar dó og smám sam-

an varð heilsan lélegri. Engu að síður er þungbært að hún er ekki meðal okkar lengur.

Ég kynntist Unni fyrir meira en þrjátíu árum þegar ég giftist elsku Þorgerði minni. Maður giftist einni manneskju en henni fylgja margir –í mínu tilfelli urðu þeir íslenska fjölskyldan mín. Í henni var Unnur geislandi persóna.

Unnur og Bárður opnuðu fyrir mér heimilið sitt fagra á Reynimel með svo mikilli hlýju og einlægri gestrisni að þetta varð einn af föstu stöðunum í mínu nýja íslenska lífi, allt frá því um 1980. Á heimili þeirra kom líka norska fjölskyldan mín og alltaf bauð Unnur allri stóru ættinni frá Norgegi í veislur og vinafundi á Reynimel, ár eftir ár.

Unnur var gædd listrænum gáfum og hæfileikum. Tónlistin var hennar fag: Hún var mikilmetinn pianókenntari og tónlistargagnrýnandi og kom líka fram sem pianóleikari. Lengi starfaði hún sem organisti í nunnu-klaustrinu í Garðabæ. Í fjölskylduveislunum, sem voru margar og glaðværar, var einn af hápunktum fagnaðarins þegar Unnur settist við flygilinn og fékk okkur öll með í fjöldasöng.

Það var mjög gaman að ræða við Unni um bókmenntir. Hún var afar vel lesin bæði í íslenskum og erlendum bókmenntum og hreift af góðum skáldskap. Það eru marga dýrgripirnir í bókmenntum sem hún hefur gefið okkur Þorgerði um árin. Unnur var vel að sér í erlendum tungumálum og las norskar og danskar bókmenntir. Í henni átti ég áhugasaman lesanda minna eigin ljóða á nýnorsku.

Mér þótti mjög vænt um Unni. Þegar móðir mín dó og síðar íslenska mamma mín, Inga tengdamóðir mín, varð Unnur eins konar aukamma fyrir mig sem ég gat alltaf talað við og um alla hluti. Hún var jú sannarlega heimskona, borgardama af þeirri bestu gerð, að hún sameinaði menntun og skilning á flestu því sem býr í manlegri tilveru. Ég minnst þess ekki að hún hafi nokkrum tímann vorkennt sér eða talað illa um nokkra manneskju. Aftur á móti hafði hún alltaf þennan einlæga áhuga á okkur, auðvitað á börnum sínum, barnabörnum og langömmubörnum, en líka á okkur sem vorum „gift inn“ í fjölskylduna. Sorgin hennar sára og harmurinn mikli var að hún missti einu dóttur sína, Margrét, í flugslysi. Sú sorg bjó alltaf með henni. Hún bjó þarna eins og djúpur undirtónn sársauka og alvöru í glöðu röddinni og rausnarlegri persónu hennar.

Nú hittast þær aftur, og elsku Bárður hennar biður þar líka, þessi högværi, jákvæði gáfumaður sem sagði alltaf að veðrið væri ljómandi jafnvel þegar stormurinn geislaði, frostið lagði að eða það snjóaði. Nú biður hennar himnesk tónlist með yfirjarðneskum ljóðum – í því mest ljómandi veðri sem hugsast getur.

Hugur okkar er hjá Leifi og Vilborgu, Finni og Iréne og barnabörnum og langömmubörnum. Í söknuði sínum og missi vita þau líka hvað þau eru gefusöm að hafa átt öll þessi yndislegu ár með elsku Unni.

Knut Ódegard.

+

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURÁST ERLA JÓNSDÓTTIR,**  
Glæsibæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks föstudaginn 1. mars.  
Útförin fer fram frá Höfóskirkju laugardaginn 9. mars kl. 11.00.  
Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks.



Óskar Hjaltason,  
Ólöf Ásta Jónsdóttir,  
Þorbjörn Jónsson,  
Guðbjörg Jónsdóttir,  
Kristinn Herbert Jónsson,  
Jón Jökull Jónsson,  
Anna María Jónsdóttir,  
Ásgrímur Jónsson,  
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Jónsdóttir,  
Helgi Ragnarsson,  
Eyrún Þorleifsdóttir,  
Stefán Geir Sigurbjörnsson,  
Ólöf Guðmundsdóttir,  
Anna Freyja Vilhjálmssdóttir,  
Jón Benjamínsson,  
Pia Aaberg,  
barnabörn og barnabarnabörn.

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR SALVARSDÓTTIR,**  
fyrrum húsfreyja í Vigur,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 1. mars.  
Útúr hennar fer fram frá Ögurkirkju laugardaginn 9. mars kl. 11.00.



Hafsteinn Hafliðason,  
Björg Baldursdóttir,  
Ragneiður Baldursdóttir,  
Bjarni Baldursson,  
Salvar Baldursson,  
Björn Baldursson,  
barnabörn og barnabarnabörn.

Íðunn Óskarsdóttir  
Óskar Óskarsson,  
Hugrún Magnúsdóttir  
Ingunn Ósk Sturludóttir,  
barnabörn og barnabarnabörn.

+

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNA ÓLAFSDÓTTIR THÓRODDSEN,**

sem lést þriðjudaginn 5. mars, verður jarðsöngin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 16. mars kl.14.00.  
Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.  
Fyrir hönd fjölskyldunnar,



Kolbrún Jóhannsdóttir Vestereng.

+

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HÓLMFRÍÐUR RÓSA JÓSEPSDÓTTIR,**  
Fjarðarhorni,  
Hrutafirði,

sem lést 28. febrúar, verður jarðsöngin frá Prestbakkakirkju laugardaginn 9. mars kl. 14.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Hvammstangalækniháæðs eða Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Sigurður Geirsson,**  
Jósep Rósinkarsson,  
Sigurbjörg Rós Sigurðardóttir,  
Þorbjörg Helga Sigurðardóttir,  
Helgi Pétur Magnússon, Elisabeth Inga Ingimarsdóttir,  
Andrés Smári Magnússon, Rebekka María Jóhannsdóttir,  
Kristján Magnússon,  
Pórdís Sífr Sigurðardóttir, Gunnlaugur I. Gretarsson,  
Jósep Magnússon, Ragnheiður Eypórsdóttir,  
Þorbjörg Helga Sigurðardóttir, Stefania Anna Þórðardóttir  
og barnabörn.



+

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns og föður okkar,

**GÚSTAFS LÁRUSSONAR,**  
Jöldugróf 8,  
Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skógabæjar fyrir hlýja og góða umönnun

Þórhildur Magnúsdóttir,  
Ásta Gústafsdóttir,  
Hildur Gústafsdóttir,  
Björn Eysteinnsson,  
Hulda Smith,  
Auður Gústafsdóttir,  
Margrét Gústafsdóttir,  
Guðrún Gústafsdóttir,  
Þorbjörg Helga Sigurðardóttir,  
Porsteinn Hansson,  
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Elskuleg systir okkar,

**JÓHANNA GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR,**  
Mýrum,  
Flóahreppi,

andaðist sunnudaginn 3. mars á Landspítalanum við Hringbraut.

**Kristinn Sigurðsson,  
Sigríður F. Sigurðardóttir,  
Margrét Sigurgeirsdóttir.**

